

Nd.

55. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Flutningsmenn: Björn Líndal, Ágúst Flygenring, Jón Auðunn Jónsson, Jón Kjartansson, Magnús Jónsson og Sigurjón Jónsson.

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í fyrstu grein laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.
- b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 4.80 af hverju kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 12.80 af hverju kg.
Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósnum, sem þeir eru seldir í.

2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álimdum miðum, er stjórnarráðið lætur tollheimtumönnum í tje og á er letrað »tollur greiddur«.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur stjórnarráðið nánari ákvæði um tollmerkin.

3. gr.

Nú finnast tóbaksvörur, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki, en ekki verða þó taldar falla undir ákvæði gildandi laga um tollsvik, og skal þá telja tollinn ógreiddan nema handhafi sanni, að tollur sje greiddur. Þó skal altaf telja saknæma vanrækslu, ef ómerktar tóbaksvörur finnast hjá þeim, er versla með tóbak, og varðar slík vanræksla sektum, alt að þreföldum tolli af hinum ómerktu vörum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

5. gr.

Lög nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki, eru úr gildi feld frá 1. september 1925, svo og önnur lög, er kunna að komna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Eins og sjá má af greinargerð stjórnarinnar fyrir frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi (stjfrv. 6, 1921) eru aðalástæður stjórnarinnar hin brýna þörf rikissjóðs á auknum tekjum. Hið sama má og sjá, að aðallega hefir vakað fyrir meiri hluta tjárhagsnefndar, en hinsvegar er það ljóst, að fyrir stjórninni og fjárhagsnefnd hefir ekki vakað það, að einkasölufyrirkomulagið væri hagstætt neytendum, því gert er ráð fyrir, að einkasölufyrirkomulagið muni hækka verðið á tóbaksvöru í landinu að stórum mun.

Það verður ekki sjeð, hvorki af ástæðum stjórnarinnar, nefndarálitinu eða umræðum, að stuðningsmenn laganna yfirleitt hafi verið einkasöluhugmyndinni fylgjandi, heldur að þessi stefna hafi verið tekin vegna fjárhagsörðugleikanna og þess, að þetta fyrirkomulag gæti gefið rikissjóði meiri tekjur en tollauki, þar sem rikisvaldinu var í sjálfsvald sett að leggja því nær ótakmarkað á þessa vörutegund.

1. Tekjur rikissjóðs.

Einkasala á tóbaki hefir nú verið rekin í þrjú ár.

Frá 1. jan. 1922 hefir innflutningur á tóbaki og tekjur rikissjóðs af tolli og einkasölu verið sem hjer segir í þúsundum króna:

	1922	1923	1924
Innflutningur tóbaks	52023 kg.	75000 kg.	74300 kg.
Vindlar og vindlingar	13051 —	16000 —	17583 —
Tollur	339 þús. kr.	434 þús. kr.	525 þús. kr.
Verslunarágóði	100 — —	200 — —	350 — —

Þess ber að geta, að af verslunarhagnaðinum 1924 mun, að því er næst verður komist, 90—100 þúsund krónur stafa frá gengiságóða og verðhækkunar á birgðum verslunarinnar, er gengisviðaukinn (25 % tollaukinn) gekk í gildi.

Jafnframt ber þess að gæta, að gengistap á árinu 1923 er talið rúmar 25000 krónur.

Hinn 1. apríl 1924 hækkar tóbakstollurinn, eins og aðrir tollar, um 25 % (gengisviðaukinn). Ef þessi hækkun hefði verið í gildi öll þrjú árin, hefðu samanlagðar tekjur af tolli og verslun orðið, að öðru óbreyttu:

1922	524 þúsund krónur,		
1923	742 —	—	
1924	903 —	—	
Meðaltal	723 —	—	

Ef óhætt á að vera að gera ráð fyrir, að rikissjóður fái sömu tekjur af tolli eingöngu og hann hefir fengið af tolli og verslunarhagnaði samtals,

verður að ákveða hinn nýja toll þannig, að eftir honum fáiist meðaltal tekna þeirra þriggja ára, sem einkasalan hefir staðið. Sje lagður til grundvallar meðalinnflutningur þessara þriggja ára, sem var 67100 kg. af allskonar tóbaki, 15545 kg. af vindlum og vindlingum, og tollurinn að viðbættum gengisviðauka ákveðinn 6 kr. á kg. tóbaks og 16 kr. á kg. vindla og vindlinga, fæst tollur af meðalinnflutningi:

67100 kg. á kr. 6.00	= 402600
15545 — - — 16.00	= 248720
	<u>Kr. 651320</u>

eða um 72 þús. kr. lægra en meðaltal tekna af einkasölufyrirkomulaginu þessi þrjú ár.

Sje nú gert ráð fyrir, að tóbaksinnflutningurinn aukist um 12% frá því, sem hann hefir verið að meðaltali síðustu þrjú ár, verða tolltekjurnar þessar:

75152 kg. tóbak	á kr. 6,00	kr. 450912,00
17410 — vindlar og vindlingar.	á — 16,00	— 278560,00
		<u>Samtals kr. 729472,00</u>

eða litlu hærrí en meðaltals tekjur. Sá innflutningur, sem hjer er gert ráð fyrir, er nálega sá sami sem innflutningur síðasta árs, og að eins litlu meiri en árið 1923.

Sjeu nú loks tekjur síðasta árs lagðar til grundvallar, sem ekki verður þó talið rjett, ef byggja skal sámilega gætílega áætlun rikissjóði til handa, verður útkoman þessi:

Tekjur þess árs hafa verið lagðar til grundvallar við fyrri útreikninga með kr. 903000,00 en samkvæmt því, sem áður er sagt, er hinn rjetti verslunarhagnaður, að viðbættum tolli, naumast meiri en 810 þús. króna.

Það má með góðum rökum gera ráð fyrir, að innflutningurinn aukist frá því, sem hann var á síðasta ári, um 10%, bæði vegna þess, að fleiri verði um innflutninginn, og ýmsar verslanir, kaupmenn og kaupfjelög, sem ekki hafa haft tóbak til sölu síðustu árin, byrji að selja tóbak á ný. Reynsla fyrri ára staðfestir það, að innflutningurinn muni aukast þegar verslunin verður frjáls, eins og skýrslur þær, sem á eftir koma, best sýna.

Með 10% hækkun á innflutningi frá því, sem hann var 1924, yrðu tolltekjurnar þessar:

81730 kg tóbak.....	á kr. 6,00	= kr. 490380,00
19338 — vindlar og vindlingar	á — 16,00	= — 309408,00
		<u>Samtals kr. 799788,00</u>

eða nálega sömu tekjur og árið 1924.

Ársinnflutning á mann síðan 1914 má sjá á eftirfarandi yfirliti og þar

í aftasta dálkinum lagt í »tolleiningar« eftir nógildandi tollögum, þannig, að 1 kg. af tóbaki er tolleining og $\frac{1}{2}$ kg. af vindlum og vindlingum sömuleiðis.

	Tóbak allskonar kg	Vindlar, vindlingar kg	Tollein- ingar
1914	1,01	0,133	1,29
1915	1,07	0,203	1,48
1916	1,18	0,229	1,64
1917	0,81	0,144	1,10
1918	0,40	0,370	1,14
1919	1,36	0,463	2,28
1920	1,25	0,201	1,65
1921	0,56	0,258	1,08
Meðaltal 1914—21	0,96	0,250	1,46
1922	0,54	0,135	0,81
1923	0,77	0,165	1,10
1924	0,75	0,179	1,10
Meðaltal 1922—24	0,69	0,159	1,01

Þessar tölur sýna alveg greinilega, að innflutningurinn (að minsta kosti sá, sem skýrslur greina og tollur er greiddur af) hefir minkað mjög mikið við breytinguna í ársbyrjun 1922, þegar einkasalan tók við.

Eftir meðaltölunum hefir tóbaksinnflutningur minkað um 28%, vindla og vindlinga um 36%. Sjerstakar orsakir kunna að vera til þess, að innflutningurinn 1922 varð alveg óvenjulega litill.

Því hefir verið haldið fram, að það stafi af því, að menn hafi víðað að sjer óvenjulegum birgðum árið 1921. En þetta er auðsjáanlega rangt. Innflutningurinn 1921 er langt fyrir neðan meðaltal á tóbaki, og mjög nálægt meðallagi á vindlum og vindlingum. Ekki sýnir heldur meðaltal áráanna 1920—21 neinn meiri innflutning en venjulega á tímabilinu 1914—21, heldur minni. Afturkipturinn 1922 getur því alls ekki stafað af því, að óvenjulega miklar birgðir hafi verið fyrirliiggjandi, en hann stafar líklega að nokkru leyti af því, að birgðirnar minka óeðlilega mikið af því, að innflutningurinn safnast á eina hönd. En hinn svo að segja hnífjafni *innflutningur 1923 og 1924 sýnir 20% minkun* á tóbaki og rúmlega 30% minkun á vindlum og vindlingum móts við meðaltal áráanna 1914—21.

Ef innflutningur á mann væri nú sá sami að meðaltali og hann var 1914—21, mundu tolltekjurnar eftir frumvarpi þessu nema um 940 þús. króna á ári.

2. Tóbaksiðnaður.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir, að tollur sje hækkaður á óunnu tóbaki, og er það gert til þess að þeir, sem þessa iðn vildu stunda, fá

ívilnun í tollgreiðslu, í samanburði við unnið tóbak, svo þeir geti frekar verið samkepnisfærir.

3. Tóbaksverð innanlands.

Rjett þykir að athuga, hverjar afleiðingar þessi breyting muni geta haft á verð tóbaksins innanlands. Eins og gefur að skilja, getur ekki fengist jafnmikill bagnaður af rekstri einkasölnunnar og hann er talinn síðastliðið ár, nema með mikilli álagningu.

Eftir því, sem næst verður komist, mun álagningin að minsta kosti hafa verið um 35% á munn- og neftóbak og 40% á reyktóbak, en 50% á vindla og vindlinga, auk þess sem smásölum er leyft að leggja á 10% auk kostnaðar við flutning á tóbaki út um landið, alt að 2%.

Álagning *einkasölnunnar einnar* síðastl. ár mun hafa numið 4–5 krónum á hvert kg. af nef- og munntóbaki, en 10–11 krónum af vindlum og vindlingum. Mun þetta síst of hátt talið.

Eftir þeim upplýsingum, sem vjer höfum aflað oss um verð á munn- og neftóbaki nú, sem vitanlega eru þær tóbakstegundir, sem minst er lagt á, kosta bestu tegundir, að viðbættum 6 króna tolli og öllum kostnaði, hingað komnar:

Neftóbak kr. 16,12 pr. kg.
Munntóbak — 16,57 — —

Núverandi heildsöluverð einkasalanna er:

Neftóbak kr. 19,50 pr. kg. + álagning smásala 10% = 21,45
Munntóbak. . . . — 21,00 — — + — — — 10% = 23,10

Auk þess er smásölum utan Reykjavíkur heimilt að leggja á alt að 2% fyrir flutningskostnaði o. fl., og verður því hið raunverulega verð úti um land þeim mun hærra.

Venjulega mun álagning á tóbak ekki vera hærra en sem hjer segir: Neftóbak 20% og munntóbak 25%, en þótt nú sje gert ráð fyrir 25% álagningu á neftóbak og 30% á munntóbak, yrði verðið þó lægra en nú er, eða:

Neftóbak kr. 20,15 pr. kg.
Munntóbak — 21,55 — —

eða sem svarar kr. 1,75—2,00 lægra en smásöluverð úti um landið.

Er því auðsætt, að af breytingunni leiðir ekki verðhækkun á tóbaki; þvert á móti mun tóbakið verða neytendum ódýrara.

Í 2. og 3. gr. eru sett hliðstæð ákvæði þeim, sem nú eru, til tryggingar gegn óleyfilegum innflutningi.